Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins 3. október 2025

FRÁSÖGN

af fundum Evrópuráðsþingsins í Strassborg 29. september – 3. október 2025.

Af hálfu Alþingis tóku þátt í fundinum Sigurður Helgi Pálmason formaður, Sigríður Á. Andersen varaformaður og Kolbrún Áslaugar Baldursdóttir, ásamt Auði Örlygsdóttur, sérfræðingi í alþjóðamálum.

Á dagskrá þingfundaviku Evrópuráðsþingsins bar einna hæst umræðu um fjölmiðla og öryggi fjölmiðlafólks. Sérstök umræða fór fram um hvernig tryggja megi öryggi blaðamanna sem fjalla um átökin á Gaza-svæðinu og á dagskrá var einnig umræða um nauðsyn þess að efla aðgerðir til að frelsa úkraínska blaðamenn úr haldi rússneskra stjórnvalda. Þá voru þrír blaðamenn tilnefndir til mannréttindaverðlauna Václavs Havels sem afhent voru í þrettánda skipti og haldin var sérstök minningarathöfn til heiðurs fjölmiðlafólki sem hefur látið lífið við störf sín. Athöfnin var til heiðurs Viktoriu Roshchynu, úkraínskri blaðakonu sem numin var á brott og tekin af lífi þegar hún var á vettvangi stríðsátaka í Úkraínu, og verður hún héðan í frá haldin árlega, á baráttudegi Viktoríu (e. *Victory for Viktoria*). Þá setti staða heimsmála einnig svip sinn á þingfundavikuna en alls bárust níu beiðnir um sérstakar umræður, þar á meðal um pólitískan óstöðugleika í Serbíu, um nýjar ógnir við lýðræði í Evrópu af hálfu Rússlands, um lýðræði og réttarríki í Tyrklandi og Georgíu, og um drög að samningi um alþjóðlega skaðabótanefnd fyrir Úkraínu.

Í setningaræðu sinni minnti Theodoros Rousopoulos, forseti Evrópuráðsþingsins, á að 75 ár væru liðin frá samþykkt mannréttindasáttmála Evrópu og að sáttmálinn hefði alla tíð síðan verið mikilvæg siðferðileg og lagaleg stoð í vernd mannréttinda, lýðræðis og réttarríkis í álfunni. Maksym Butkevych, úkraínskur blaðamaður og mannréttindafrömuður, hlaut þrettándu mannréttindaverðlaun Václavs Havels, sem veitt eru fyrir framúrskarandi starf í þágu mannréttinda. Butkevych er meðstofnandi mannréttindastofnunarinnar Zmina og útvarpsstöðvarinnar Hromadske Radio. Eftir allsherjarinnrás Rússlands í Úkraínu bauð hann sig fram í herinn, þrátt fyrir að hafa alla tíð verið mikill friðarsinni, en var fljótt hnepptur í varðhald og sat í rússnesku fangelsi í tvö ár. Auk Butkevych voru blaðakonan Mzia Amaghlobeli frá Georgíu og blaðamaðurinn Ulvi Hasanli frá Aserbaísjan heiðruð sérstaklega fyrir þeirra mikilvægu störf í þágu mannréttinda.

Í umræðum á vettvangi þingsins var áfram þung áhersla á stuðning við Úkraínu og alls fóru fram fimm umræður sem tengdust árásarstríði Rússlands og afleiðingum þess. Þar á meðal var sérstök umræða um Rússland og nýjar ógnir við evrópsk lýðveldi þar sem lögð var áhersla á mikilvægi áframhaldandi stuðnings við Úkraínu og að aðildarríki styrktu viðnáms- og varnarhæfni sína gegn rússneskum áhrifum, áróðri og upplýsingaóreiðu. Þingið samþykkti einnig ályktun um að koma á fót samstarfsvettvangi við rússnesk lýðræðisöfl í útlegð með það að markmiði að efla tengsl og undirbúa lýðræðislega framtíð Rússlands þegar skilyrði skapast. Sigurður Helgi Pálmason tók til máls í þeirri umræðu og lagði áherslu á mikilvægi þess að slíkur vettvangur styrkti raddir stjórnmálafólks, aðgerðasinna, fjölmiðlafólks og allra þeirra sem héldu von lýðræðis á lofti. Orðum um stuðning þyrftu að fylgja aðgerðir og mikilvægt væri að styðja við baráttu þessara hugrökku aðila sem sumir hverjir hefðu goldið fyrir með lífi sínu. Þá var samþykkt ályktun um mikilvægi fjölmiðlafólks og þörfina á auknum aðgerðum til að frelsa úkraínska blaðamenn í haldi rússneskra stjórnvalda. Krafist var tafarlausrar lausnar allra blaðamanna sem haldið er föngnum í trássi við alþjóðalög, blaðamenn væru óbreyttir borgarar

og nytu þess vegna verndar samkvæmt alþjóðlegum mannúðarlögum. Þá var einnig lögð áhersla á áframhaldandi stuðning við Úkraínu og mikilvægi þess að draga rússnesk stjórnvöld til ábyrgðar. Að auki var fjallað um drög að samningi um alþjóðlega skaðabótanefnd fyrir Úkraínu sem þingið samþykkti sem lið í því að draga Rússland til ábyrgðar fyrir það tjón sem það hefur valdið í Úkraínu og gagnvart úkraínsku þjóðinni. Í þeirri umræðu kom m.a. fram að afar brýnt væri að finna leiðir svo að nýta mætti frystar eignir rússneska ríkisins til uppbyggingar og endurreisnar Úkraínu. Þá var einnig skýrt kveðið á um að horft væri aftur til ársins 2014 og innlimunar Krímskaga og að skaðabótaskyldan næði ekki einungis aftur til allsherjarinnrásar Rússlands í Úkraínu.

Á Evrópuráðsþinginu var einnig fjallað ítarlega um mannúðarástandið á Gaza og öryggi fjölmiðlafólks á svæðinu. Í sérstakri umræðu um nauðsyn þess að binda enda á hörmungarnar á Gaza og dráp á blaðamönnum var þess krafist að komið yrði á tafarlausu, varanlegu og skilyrðislausu vopnahléi og að tryggja þyrfti að mannúðaraðstoð kæmist óhindrað inn á svæðið. Þingið fordæmdi árásir á borgaraleg skotmörk og hvers kyns hindranir á dreifingu hjálpargagna. Slíkt bryti gegn alþjóðlegum mannúðarlögum. Þingið áréttaði að auk mannúðaraðstoðar þyrfti að tryggja vernd og aðgang fjölmiðlafólks að átakasvæðum, og fordæmdi árásir og áreitni gagnvart Global Sumud-flotanum sem freistaði þess að komast að ströndum Gaza með nauðsynjar og önnur hjálpargögn.

Kolbrún Áslaugar Baldursdóttir tók þátt í sameiginlegri umræðu um greiningar og tilmæli varðandi það hvernig tryggja megi réttinn til húsnæðis og um eflingu almennrar heilbrigðisþjónustu. Þar lagði Kolbrún áherslu á að tryggja þyrfti mannsæmandi húsnæði fyrir ungt og efnaminna fólk. Í því fælist m.a. að tryggja þyrfti nægt framboð af félagslegum íbúðum og húsnæði á hagstæðu verði. Þá beindi hún sjónum sínum einnig að aðgengi og sagði mikilvægt að hanna húsnæði með þarfir fólks í huga, ekki síst fólks með fötlun. Sérlausnir ættu að heyra sögunni til þar sem hanna ætti nýtt húsnæði út frá algildri hönnun sem tryggði aðgengi allra, þar á meðal fólks með fötlun.

Í umræðu um stjórnmálaflokka og lýðræði minnti Sigurður Helgi Pálmason á að stjórnmálaflokkar væru ein af undirstöðum lýðræðis. Hann lagði áherslu á að endurvekja þyrfti traust almennings með aukinni ábyrgð, gagnsæi og virkri þátttöku. Í því fælist m.a. að tryggja aðkomu ungs fólks, kvenna og minnihlutahópa að stjórnmálum. Þá lagði hann áherslu á að samtal, heiðarleiki og virðing væru forsenda endurnýjunar og trúverðugleika stjórnmála á tímum vaxandi vantrausts og skautunar. Stjórnmálafólk þyrfti að hlusta á raddir kjósenda.

Í sérstakri umræðu um stöðu lýðræðis og réttarríkis í Tyrklandi komu fram alvarlegar áhyggjur af takmörkunum á tjáningarfrelsi og réttindum minnihlutahópa. Hvöttu þingmenn til opins samráðs og aðgerða til að snúa þróuninni við. Pólitískur óstöðugleiki í Serbíu var einnig til umræðu í sérstakri umræðu og lýstu þingmenn yfir áhyggjum af aukinni hörku og átökum meðal mótmælenda. Hvatti þingið stjórnvöld til þess að finna leiðir til friðsamlegs samtals svo að stuðla mætti að auknum stöðugleika í landinu. Umræður fóru einnig fram um skuldbindingar Ungverjalands og Búlgaríu gagnvart Evrópuráðinu. Þingið lýsti yfir áhyggjum af stöðu lýðræðis og mannréttinda í Ungverjalandi þar sem fjölmiðlafrelsi væri ábótavant og hvatti þingið Ungverjaland til þess að gera viðeigandi umbætur á kosningalögum og dómskerfi landsins. Í tilviki Búlgaríu samþykkti þingið að ljúka sérstöku eftirliti gagnvart landinu sem staðið hefði yfir frá því að Búlgaría gerðist aðili að Evrópuráðinu. Mikilvægar framfarir hefðu átt sér stað, m.a. með umbótum í réttarkerfinu og auknu gagnsæi. Þó var bent á að enn væru til staðar vissir veikleikar í dómskerfinu sem þyrfti að bregðast við og eins væri mikilvægt að bæta stöðu Rómafólks í landinu.

Mäulen Äşhimbayev, forseti öldungadeildar þjóðþings Kasakstans, ávarpaði þingið í umræðum um stuðning þingsins við lýðræðisumbætur í Kasakstan. Þingið hvatti til áframhaldandi stuðnings við umbætur í Kasakstan og fagnaði afnámi dauðarefsingar og mikilvægum stjórnarskrárbreytingum þar í landi. Var áhersla lögð á að efla stoðir lýðræðis í landinu með því að tryggja sjálfstæði dómstóla og fjölmiðlafrelsi.

Þingið veitti einnig álit á drögum að nýjum Evrópusamningi um samframleiðslu þáttaraða. Myriam Spiteri Debono, forseti Möltu, Nikol Pashinyan, forsætisráðherra Armeníu, og Ian Borg, varaforsætisráðherra og utanríkis- og ferðamálaráðherra Möltu, ávörpuðu þingið. Borg gegnir stöðu forseta ráðherranefndarinnar þar sem Malta fer með formennsku í Evrópuráðinu og flutti þinginu því skýrslu nefndarinnar og svaraði spurningum þingmanna. Í ávarpi sínu lagði Borg áherslu á stuðning við Úkraínu, friðarumleitanir og vernd barna og fjölmiðlafólks á Gaza, aukið jafnrétti, stafrænt öryggi og þróun og baráttu gegn upplýsingaóreiðu. Hann undirstrikaði mikilvægi mannréttinda og samstöðu í Evrópu. Framkvæmdastjóri Evrópuráðsins, Alain Berset, sat fyrir svörum, venju samkvæmt og Despina Chatzivassiliou-Tsovilis, framkvæmdastjóri Evrópuráðsþingsins, var endurkjörin framkvæmdastjóri þess til næstu fimm ára. Despina var kjörin til embættisins árið 2021 og var þá fyrsta konan til að gegna embættinu. Önnur mál á dagskrá voru m.a. gervigreind og fólksflutningar, kynferðislegt ofbeldi gegn körlum og drengjum, ungt fólk og lýðræði og frjáls för þingmanna Evrópuráðsþingsins í störfum sínum fyrir þingið.

Sigurður Helgi Pálmason stýrði fundi formanna landsdeilda Norðurlanda og Eystrasaltsríkja á Evrópuráðsþinginu og Íslandsdeild sat fund með nýjum fastafulltrúa Íslands gagnvart Evrópuráðinu, Grétu Gunnarsdóttur. Frekari upplýsingar má nálgast hjá ritara Íslandsdeildar og á vefsvæðinu pace.coe.int.